

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/6/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 205/09/COL frá 8. maí 2009 um aðstoðarkerfi fyrir tímabundna endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að ýta undir stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingar til raunhagkerfisins (Noregur)	1
2011/EES/6/02		Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I hluta bókar 3 við samning milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem varðar ríkisaðstoð í tengslum við sölu sveitarfélagsins Oppdal á lóðinni gbnr 271/8.	14
2011/EES/6/03		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Ísland)	23
2011/EES/6/04		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Ísland)	24
2011/EES/6/05		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins (Noregur).	25
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/6/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6058 – Bank of Scotland/Barclays Bank/Kew Green Hotels)	26
2011/EES/6/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6114 – 3i Group/OneMed) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2011/EES/6/08		Ríkisaðstoð – Danmörk – Málsnúmer C 35/10 (áður N 302/10) – Skattar á netleiki í dönskum lögum um skatta á leiki – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	28
2011/EES/6/09		Ríkisaðstoð – Þýskaland – Málsnúmer C 40/09 (áður N 555/09) – Framlenging á formlegri rannsókn, WestLB AG – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	28

2011/EES/6/10	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer C 14/10 (áður NN 25/10 og CP 175/06) – Ítalía SEA Handling – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. ESB-sáttmálans	29
2011/EES/6/11	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB um tæki sem brenna gasi (kerfisbundin útgáfa)	30

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2011/EES/6/01

205/09/COL

frá 8. maí 2009

um aðstoðarkerfi fyrir tímabundna endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að ýta undir stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingar til raunhagkerfisins

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum ákvæða 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til 3. mgr. 1. gr. I. hluta og 3. mgr. 4. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól ⁽⁴⁾,

með vísan til leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins ⁽⁵⁾, einkum kaflans um endurfjármögnun fjármálastofnana í yfirstandandi fjármálakreppu: takmörkun aðstoðar við nauðsynlegt lágmark og varnir gegn óeðlilegri samkeppnisröskun ⁽⁶⁾,

með hliðsjón af ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem um getur í 27. gr. í II. hluta bókunar 3 ⁽⁷⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmeðferð

Hinn 28. apríl 2009 tilkynntu stjórnvöld í Noregi, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3, um aðstoðarkerfi fyrir tímabundna endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að ýta undir stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingar til raunhagkerfisins (skjalnr. 516522) ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ „Bókun 3“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (Stjtið. EB eða Stjtið. ESB í því sem hér fer á eftir) L 231, 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti nr. 32 sama dag, bls. 1. Þær nefnast „Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir. Dagrétt gerð Leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>.

⁽⁶⁾ „Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁷⁾ Ákvörðun 195/04/COL frá 14. júlí 2004, sem var birt í Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og í EES-viðbæti nr. 26 sama dag, bls. 1, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun 319/05/COL frá 14. desember 2005, sem var birt í Stjtið. ESB C 286, 23.11.2006, bls. 9, og í EES-viðbæti nr. 57 sama dag, bls. 31.

⁽⁸⁾ „Áætlun um endurfjármögnun“ í því sem hér fer á eftir.

2 Markmið aðstoðarinnar

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að veruleg óvissa ríki varðandi þróunina í norskum efnahagsmálum og hver framvindan verði í lánastefnu og lánastarfsemi bankanna. Raunhagkerfið og fjármálakerfið eru mjög háð innbyrðis. Þegar bankar vilja minnka áhættu vegna sívaxandi taps getur það leitt þess að þeir dragi úr framboði á lánsfé. Áhrif minni erlendrar eftirspurnar í norska hagkerfinu eru meiri en ella vegna hertra skilyrða fyrir lántöku fyrirtækja og heimila, með þeim afleiðingum að dregur úr fjárfestingum og starfsemi í raunhagkerfinu og neikvæð áhrif almenns samdráttar í efnahagslífinu magnast.

Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að lánakannanir á vegum Seðlabanka Noregs (*Norges Bank*) og fjármálaeftirlitsins (*Kreditilsynet*) sýni að bankar hafi hert lánareglur sínar verulega, einkum að því er varðar lán til fyrirtækja. Þær sýna jafnframt að eiginfjárlutfall er lykiltríði fyrir bankana þegar útlánastefna þeirra er metin. Norskir bankar standa í meginatriðum vel um þessar mundir en þeir þurfa að styrkja grunnfé sitt til að geta haldið uppi eðlilegu framboði af lánsfé.

Seðlabanki Noregs lagði til í desember 2008 að ríkið gripi til aðgerða til að styrkja bankana í því skyni að auka lánveitingar til raunhagkerfisins. Fjármálaeftirlitið studdi þessi tilmæli.

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að grunnfjárlutfall nokkurra stærstu banka Noregs sé tiltölulega lágt og að nauðsynlegt sé að endurfjármagna þá til að þeir geti haldið áfram að veita lán til raunhagkerfisins⁽⁹⁾. Minni bankar með hátt eiginfjárlutfall kunna að þurfa aukið grunnfé til að halda útlánunum í horfinu eða auka þau, í samræmi við tilgang hins áður tilkynnta aðstoðarkerfis. Stjórnvöld í Noregi sjá fyrir sér að tiltekni litlir bankar kunni að hafa takmarkaðri möguleika til að fjármagna sig og að útlánasafn þeirra sé fremur þröngt. Þar af leiðandi eru þeir berskjaldaðri gagnvart lausafjárahættu en bankar sem stunda viðskipti á breiðari grunni. Jafnvel þótt eiginfjárlutfall þeirra hafi þannig verið hærra geta slíkir þættir bent til þess að grunnfé rými auðveldlegar en þegar um er að ræða aðra banka. Stjórnvöld í Noregi hafa þannig talið að staða bankanna og horfurnar í norsku efnahagslífi séu þess eðlis að nauðsynlegt sé fyrir ríkið að grípa til úrræða og bjóða bönkum sem búa í meginatriðum við traustan rekstur endurfjármögnun, í því skyni að færa stöðugleika í fjármálakerfinu í fyrra horf og hlúa að lánveitingum til raunhagkerfisins.

Markmiðið með aðstoðarkerfinu er að leggja bönkunum til eiginfjárbátt A⁽¹⁰⁾ í því skyni að styrkja þá og auka getu þeirra til að viðhalda eðlilegri útlánastarfsemi. Aðstoðarkerfið er eingöngu fyrir banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og, að sögn stjórnvalda í Noregi, hefur kerfið verið þannig úr garði gert að það nái fram þeim tilgangi að tryggja útlán til raunhagkerfisins en um leið dragi það eins og framast er kostur úr röskun á samkeppni.

Samkvæmt áætluninni um endurfjármögnun hefur verið komið á fót fjármögnunarsjóði ríkisins (*Statens finansfond*)⁽¹¹⁾ með það í huga að leggja norskum bönkum tímabundið til eiginfjárbátt A⁽¹²⁾: kaup sjóðsins annaðhvort á blönduðum verðbréfum eða forgangs eiginfjárgerningum skulu byggjast á umsókn frá einstökum banka. Skilyrðin skulu ráðast af samningi milli sjóðsins og bankans og þar skal koma fram nákvæm tilhögun endurfjármögnunarinnar (t.d. nafnverð, fjárhæð, endurgjald og útgönguhvatar).

⁽⁹⁾ Í árslok 2008 voru norskir sparisjóðir 121 talsins og norskir viðskiptabankar 18. Grunnfjárlutfall var meira en 12 af hundraði hjá um það bil 77% norskra banka. Þar var einkum um að ræða litla sparisjóði og námu eignir þeirra aðeins um 11% af heildareignum bankanna. Á hinn bóginn var grunnfjárlutfall lægra en 7 af hundraði hjá mjög takmörkuðum fjölda banka.

⁽¹⁰⁾ Eiginfjárbáttur A er grunnmælikvarði á fjármálalegan styrkleika banka í augum eftirlitsaðila. Hann samanstendur af grunnfé, sem felst aðallega í almennum hlutum og uppgefnun varasjóðum (eða óráðstöfuðu eigin fé) en hann getur einnig falið í sér forgangshluti sem eru óinnleysanlegir og ekki uppsafnaðir.

⁽¹¹⁾ „Sjóðurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽¹²⁾ Hugtakið „norskir bankar“ tekur m.a. til norskra banka sem eru í eigu erlendra banka en ekki til útibúa erlendra banka í Noregi, annarra lánastofnana en banka og annarra tegunda fjármálastofnana.

3 Landslöggjöf sem liggur til grundvallar aðstoðarráðstöfuninni

Landslöggjöfin sem liggur til grundvallar stofnun sjóðsins er *Lov 6. mars 2009 nr. 12 om Statens finansfond*. Framkvæmdarreglugerð sem tengist sjóðnum og starfsemi hans verður einnig samþykkt ⁽¹³⁾.

4 Fjárveiting og gildistími

Seðlabanki Noregs gerði þjóðhagslegt álagspróf á sex stærstu norsku bönkunum á árinu 2008. Í prófinu var endurtekin neikvæð sviðsmynd þar sem niðurstaðan var sú að bankarnir myndu tapa að meðaltali 2,3% af áhættuvegnum eignum sínum. Á grundvelli þessa prófs mat Seðlabanki Noregs það svo að endurfjármögnunarbörf tíu stærstu bankanna næmi 34 milljörðum norskra króna. Í samræmi við niðurstöður þessa prófs hefur nægjanlegum fjármunum (50 milljörðum norskra króna, u.þ.b. 5,1 milljarði evra) verið veitt í sjóðinn.

Aðstoðarkerfið skal vera tímabundið og munu reglurnar væntanlega ganga í gildi í maí 2009, en þá fær sjóðurinn sex mánuði til að gera samninga við banka sem sækja um endurfjármögnun. Frestur til að skila inn umsóknum til sjóðsins verður ákveðinn sex vikum áður en sex mánaða tímabilið rennur út til að sjóðnum gefist ráðrúm til að gera samning við bankann sem sækir um áður en sex mánaða tímabilið rennur út í nóvember 2009. Stjórnvöld í Noregi munu einnig, innan þessa tímaramma, leggja mat á hvort aðstoðarinnar verði þörf í lengri tíma en þá verður aðstoðarkerfið tilkynnt að nýju.

5 Áætlun um endurfjármögnun

5.1 Stuðningsþegar

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að aðeins norskir bankar sem standa í meginatriðum vel eigi rétt á aðstoð samkvæmt hinu áður tilkynnta aðstoðarkerfi.

Norska fjármálaeftirlitið mun gegna hlutverki hliðvarðar og ákvarða hvort banki sé hlutengur samkvæmt aðstoðarkerfinu ⁽¹⁴⁾. Hluti reglulegs eftirlitshlutverks fjármálaeftirlitsins er að því berast upplýsingar frá bönkunum um útlánasöfn og aðra þætti efnahagsreiknings þeirra, viðskiptaáætlanir og eigið mat þeirra á áhættuþáttum í framtíðinni. Þegar banki sækir um eiginfjárframlag til sjóðsins er fjármálaeftirlitið beðið um að leggja mat á hvort bankinn sé hlutengur samkvæmt aðstoðarkerfinu. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir að prófsteinninn sé sá að „*bankinn uppfylli kröfur um hlutfall eiginfjárbátar A nokkuð riflega, einnig þegar tekið er tillit til líklegrar framvindu í náinni framtíð*“. Að sögn stjórnvalda í Noregi mun fjármálaeftirlitið gera ráð fyrir því að þessar kröfur séu uppfylltar ef grunnfjárlutfall hlutaðeigandi banka er 6% eða hærra, þ.e. 2 prósentustigum hærra en lögbundið lágmark. Fjármálaeftirlitið skal, í öllum tilvikum, byggja greiningu sína á dagréttum upplýsingum, að teknu tilliti til ýmissa áhættuþátta bankans, gæða eigna hans og rekstrarhorfa, svo og á formlegu eiginfjárkröfuhlutfalli, í því skyni að taka afstöðu til þess hvort banki búi í meginatriðum við traustan rekstur, einnig í ljósi líklegrar framvindu í náinni framtíð.

5.2 Hámarksaukning eigin fjár

Hámarksgildi aukningar á grunnfjárlutfalli fyrir tilstilli eiginfjárframlaga úr sjóðnum eru ráðgerð sem hér segir:

- banka með grunnfjárlutfall undir 7% má endurfjármagna þannig að grunnfjárlutfall hans verði eigi meira en 10%,
- banka með grunnfjárlutfall á milli 7% og 10% má endurfjármagna um allt að 3 prósentustig en þó má grunnfjárlutfall hans ekki vera hærra en 12%,
- banka með grunnfjárlutfall yfir 10% má endurfjármagna um 2 prósentustig að hámarki ⁽¹⁵⁾.

⁽¹³⁾ „Reglugerðin“ í því sem hér fer á eftir.

⁽¹⁴⁾ 2. gr. reglugerðarinnar.

⁽¹⁵⁾ 2. gr. reglugerðarinnar.

Bankar sem munu hafa grunnfjárlutfall sem er hærra en 12% eftir eiginfjárfraglag frá ríkinu skulu styðja þörf sína fyrir aukið eigið fé með gögnum og sjóðurinn mun meta hvert tilvik í ljósi stöðu bankans og í ljósi þess hvernig unnt sé að örva lánveitingar til raunhagkerfisins.

Að sama skapi verða viðeigandi gögn að fylgja umsókn um meira en 2 prósentustiga aukningu grunnfjár þar sem rök eru færð fyrir svo háu eiginfjárfraglagi.

Sjóðurinn mun taka ákvörðun um raunverulega fjárhæð sem verður úthlutað á grundvelli mats á ýmsum áhættuþáttum, viðskiptaáætlunum og rekstrarhorfum. Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að ef sjóðurinn er ekki sannfærður um, á grundvelli framlagðra gagna, að þörf sé fyrir aðstoð samkvæmt aðstoðarkerfinu muni hann hafna umsókninni. Bankar sem eru í hæsta áhættuflokki og óska eftir eiginfjárukningu sem nemur meira en 2 prósentustigum verða teknir til sérstakrar athugunar.

Eftirlitsstofnun EFTA verður tilkynnt um tilvik þar sem endurfjármögnunin samsvarar meira en 2% af grunnfjárlutfallinu.

5.3 Skipan í áhættuflokk

Sjóðurinn skal skipa hverjum banka í einn þriggja áhættuflokka á grundvelli hlutlægra viðmiðana ⁽¹⁶⁾. Áhættuflokkurinn ákvarðar vaxtagreiðsluna sem greiða ber af eiginfjárfraglaginu frá sjóðnum og hún verður föst á meðan samningurinn milli bankans og sjóðsins er í gildi.

Í reglugerðinni er mælt fyrir um að bönkum, sem hafa fengið utanaðkomandi mat frá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki, skuli skipað í áhættuflokka sem hér segir:

Áhættuflokkur	1	2	3
Mat	AA- eða betra	Frá AA- til AA+	BBB+ eða lægra

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að alþjóðleg matsfyrirtæki hafi metið fáa norska banka. Stærstu norsku bankarnir meta aðra banka aftur á móti með reglulegu millibili. Bankar sem hafa ekki verið metnir af viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki verða metnir samkvæmt sambærilegum reglum og þeim sem opinber lánshæfismatsfyrirtæki beita ⁽¹⁷⁾.

Stjórnvöld í Noregi áætla að mjög fáir norskir bankar muni falla undir áhættuflokk 1, allmargir bankar muni falla undir áhættuflokk 2 og að meirihluta bankanna verði skipað í áhættuflokk 3 (um það bil þrír af hverjum fjórum norskum bönkum).

5.4 Endurfjármögnunargerningar

Í löggjöfni er kveðið á um tvenns konar eiginfjárgerninga, blandað verðbréf úr eiginfjárþætti A („*fondsobligasjon*“) og forgangseiginfjárgerning úr eiginfjárþætti A („*preferansekapitalinstrument*“). Gerningarnir falla báðir undir skilgreininguna á eiginfjárþætti A og þeim fylgir ekki atkvæðisréttur. Gerningarnir skulu eiga forgangsrétt að kröfu, sem er ekki uppsöfnuð, á árlega vexti sem skulu vera skilyrtir því að hagnaður sé fyrir hendi og því að eiginfjárkröfuhlutfall sé ekki minna en 0,2% hærra en það eiginfjárkröfuhlutfall sem tilskilið er á hverjum tíma. Vextirnir skulu vera tryggðir þar til þeir hafa annaðhvort verið greiddir að fullu eða þar til hagnaðurinn er uppurinn.

Verðið fyrir endurfjármögnunina verður ákveðið fyrir hvern einstakan banka á grundvelli gildandi vaxta. Að auki verður álag sem veltur á áhættuflokki bankans og tegund gernings sem verður fyrir valinu.

⁽¹⁶⁾ 10. gr. reglugerðarinnar.

⁽¹⁷⁾ Þetta felur í sér að lagt verður mat á fjölda forsendna, s.s. grunnfjárlutfall, heildarávöxtun, samsetningu og útlánagæði útlánasafnsins, hlutfall milli innlána og útlána, tap og áhættuþætti (útlánaáhættu, lausafjárahættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu). Sjóðurinn, eða sérfræðingar sem sjóðurinn ræður, getur notað notast við mat frá stærstu bönkunum sem starfa í Noregi, t.d. lánsmat frá DnB NOR (stærstu fjármálaþjónustusamsteypu í Noregi), sem viðmið til að ákvarða viðeigandi áhættuflokk.

Stjórnvöld í Noregi telja að kerfið sem notað er til að reikna út endurgjald hvers banka fyrir hvern gerning sé sambærilegt þeirri aðferð Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁸⁾ sem kemur fram í tilmælum hans frá 20. nóvember 2008 ⁽¹⁹⁾ og samrýmist þess vegna Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að eignir norskra banka séu að miklu leyti eignir með breytilegum vöxtum. Í því skyni að draga úr vaxtaáhættu reyna bankar að jafnaði að sjá til þess að binditími vaxtasamninga sé hinn sami á báðum hliðum efnahagsreikningsins. Til að unnt sé að láta binditíma passa saman er því nauðsynlegt að skuldir norskra banka beri að mestu leyti breytilega vexti. Í ljósi þessa hafa stjórnvöld í Noregi lagt til að endurgjald fyrir endurfjármögnun byggist annaðhvort á ávöxtun skammtímaspariskirteinis ríkissjóðs til sex mánaða eða ríkisskuldabréfs til 5 ára.

Í skýringum stjórnvalda í Noregi kemur fram að kostnaðurinn við endurfjármögnun bankanna á fimm ára tímabili verði hinn sami, óháð því hvorn kostinn bankarnir velja. Þau sýna fram á það með því að bera saman hreint núvirði kostnaðar við endurfjármögnun bankanna, byggt á ávöxtun ríkisskuldabréfs til 5 ára, og hreint núvirði kostnaðar við endurfjármögnun bankanna, byggt á ávöxtun spariskirteinis ríkissjóðs til sex mánaða á fimm ára tímabili ⁽²⁰⁾.

Stjórnvöld í Noregi telja því, þótt ávöxtun spariskirteinis ríkissjóðs til sex mánaða sé í dag lægri en ávöxtun ríkisskuldabréfs til 5 ára, að kostnaðurinn við endurfjármögnun bankanna á fimm ára tímabili sé hinn sami, óháð því hvor kosturinn verður fyrir valinu.

5.4.1 Blandað verðbréf úr eiginfjárþætti A

Blandað verðbréf úr eiginfjárþætti A skal bera tap á eftir almennum hlut (í forgangi þegar kemur að því að bera tap). Það er útfært þannig að það er innleysanlegt án fasts gjalddaga, með föstum arðmiða sem er skilgreindur sem vextir af norsku ríkisskuldabréfi, með eftirfarandi álagi:

- 5,0% fyrir banka í áhættuflokki 1,
- 5,5% fyrir banka í áhættuflokki 2,
- 6,0% fyrir banka í áhættuflokki 3 ⁽²¹⁾.

Í samræmi við tilmæli Seðlabanka Evrópu er lágmarks álagsþátturinn reiknaður sem 5 ára skuldatryggingaálag útgáfubankans á víkjandi skuldir á viðmiðunartímabilinu 1. janúar 2007 til 31. ágúst 2008, að viðbættum 200 grunnpunktum vegna rekstrarkostnaðar og 100 grunnpunktum til viðbótar til að endurspeglar þá staðreynd að blandaði gerningurinn er réttþærri en víkjandi skuld. Bönkum í áhættuflokki 2 og 3 er síðan gert að greiða vaxtaálag.

Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að Seðlabanki Noregs hafi metið miðgildi vaxtaálagsins á víkjandi skuldatryggingaálagssamninga fyrir DnB NOR ⁽²²⁾, en það er eini norski bankinn með skuldatryggingaálagssamninga sem ganga kaupum og sölum, á 100 grunnpunkta fyrir tímabilið 1. janúar 2007 til 31. ágúst 2008 ⁽²³⁾.

Til að örva innlausn er arðmiðinn hækkaður um 1 prósentustig eftir bæði 4. og 5. ár. Gerningurinn mun halda þeim fasta arðmiða sem er hærri þar til innlausn hefur átt sér stað. Innlausn er háð því að leyfi fáiast frá fjármálaeftirlitinu en það þarf að ganga úr skugga um að eiginfjárkröfur verði áfram uppfylltar eftir innlausn.

⁽¹⁸⁾ Seðlabanki Evrópu í því sem hér fer á eftir.

⁽¹⁹⁾ Tilmæli Seðlabanka Evrópu í því sem hér fer á eftir.

⁽²⁰⁾ Byggt á ávöxtun spariskirteina ríkissjóðs til 6 mánaða sem eru keypt á framvirkum markaði.

⁽²¹⁾ 11. gr. reglugerðarinnar.

⁽²²⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa reiknað út þessa tölu á grundvelli fjárhæðar alls álags á venjuleg réttþærri bankabréf í tengslum við ríkisskuldabréf og skuldatryggingaálag fyrir víkjandi lán miðað við réttþærri bankabréf.

⁽²³⁾ Aftur á móti hefur Seðlabanki Evrópu áætlað að miðgildi alls skuldatryggingaálags A fyrir víkjandi skuldir á evrusvæðinu sé 73 grunnpunktar.

5.4.2 Forgangseiginfjárgerningur eiginfjárbáttar A

Forgangseiginfjárgerningur eiginfjárbáttar A skal flokkast jafngildur (*pari passu*) (bera tap jafnhliða) almennum hlutum. Hann má innkalla eftir 3 ár. Hann er útfærður sem bindandi, breytanlegur gerningur og breytist í almenna hluti að fimm árum liðnum, nema hann sé innleystur eða honum breytt fyrir þann tíma. Gerningurinn skal hafa fastan arðmiða sem er skilgreindur sem vextir af norsku ríkisskuldabréfi, með eftirfarandi álagi:

- 6,0% fyrir banka í áhættuflokki 1,
- 6,5% fyrir banka í áhættuflokki 2,
- 7,0% fyrir banka í áhættuflokki 3 ⁽²⁴⁾.

Í samræmi við tilmæli Seðlabanka Evrópu er lágmarksálagið ákveðið 600 grunnpunktur (500 punkta áhættuálag vegna hlutfjár og 100 grunnpunktur til að standa straum af rekstrarkostnaði). Bönkum í áhættuflokki 2 og 3 er gert að greiða vaxtaálag.

Eins og greint er frá hér að framan má innkalla gerninginn að þremur árum liðnum. Aðferðin við að reikna út innlausnargjaldið skal vera tilgreind í samningnum við bankann og það getur ekki verið lægra en bókfært verð ⁽²⁵⁾. Til dæmis skal hvatt til þess að gerningurinn verði innleystur fyrir gjalddaga með því að fella inn í samningin hækkun á innlausnarhlutfallinu á fjórða og fimmta ári þannig að innlausn fyrir gjalddaga verði ódýrari en innlausn að gjalddaga liðnum.

Að auki skal séð til þess að hvatinn til að innleysa sé fyrir hendi, í stað þess að lögbundnum umreikningi verði leyft að eiga sér stað, með því að ákvarða umreikningsgengi við lok fimm ára tímabilsins sem er hagstæðara fyrir sjóðinn en umreikningur á því markaðsverði sem þá er í gildi og jafnframt hagstæðara fyrir sjóðinn í samanburði við innlausn fyrir lok fimmta ársins (með öðrum orðum, aðferðin sem verður ákveðin skal kveða á um umtalsverða þynningu þeirra hluthafa sem fyrir eru).

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að sjóðurinn skuli eiga rétt á því að breyta gerningnum í almenna hluti eða eiginfjárskirteini ef forgangshlutir eru verulega stór hluti af bókfærðu eigin fé bankans. Sjóðurinn skal tilgreina í samningnum við hvern einstakan banka hvað telst vera verulega stór hluti. Efri mörk þess sem telst vera verulega stór hluti skulu ekki vera hærri en 50% ⁽²⁶⁾.

Hver einstakur samningur getur einnig falið í sér þann möguleika að bankinn breyti gerningnum í almenna hluti eða eiginfjárskirteini ef „eigið fé“ hefur verið fært umtalsvert niður (um meira en 20%). Aðferðin við að reikna út hve marga hluti sjóðurinn skal fá við breytinguna skal vera tilgreind í samningnum við bankann og hún skal tryggja að skynsamlegt samband sé milli innlausnarvirðis og hugsanlegs hagnaðar, annars vegar, og breytingarinnar og hugsanlegs taps, hins vegar ⁽²⁷⁾.

5.5 Hömlur á athafnir fyrirtækja

Að sögn stjórnvalda í Noregi koma nokkrar hömlur á athafnir bankanna til viðbótar aðstoðarkerfinu.

Sjóðurinn skal setja það skilyrði fyrir eiginfjárframlagi að það verði notað í samræmi við markmið aðstoðarkerfisins og að notkun þess sé ekki í andstöðu við það og að bankinn noti eiginfjárframlagið ekki til markaðssetningar eða til að hrinda í framkvæmd óvægnum aðferðum í viðskiptum ⁽²⁸⁾.

⁽²⁴⁾ 12. gr. reglugerðarinnar.

⁽²⁵⁾ 13. gr. reglugerðarinnar.

⁽²⁶⁾ 12. gr. reglugerðarinnar.

⁽²⁷⁾ Ef umreikningsgengið væri fest sem meðaltal upphaflegs markaðsverðs og markaðsverðs við umreikning, ætti hagnaður sjóðsins að vera tryggður með samsvarandi hækkun á innlausnarvirði þannig að áhætta á tapi og hugsanlegur hagnaður væru samhverf. Ef umreikningsgengi væri fest sem markaðsvirði við umreikning myndi sjóðurinn ekki eiga hlutdeild í lækkanði virði hlutabréfa áður en umreikningurinn fer fram. Í tilvikum sem þessum ætti hagnaður sjóðsins einnig að vera takmarkaðri.

⁽²⁸⁾ 8. gr. reglugerðarinnar.

Viðbótarhömlur eru til staðar, svo sem i) bann við hækun launa og annarra fríðinda stjórnenda til 31. desember 2010, ii) nær algjört bann við kaupaukagreiðslum fyrir fjárhagsárin 2009 og 2010 og bann við greiðslu uppsafnaðs kaupauka eftir það, iii) bann við því að stjórnendur fái hlutabréf eða sambærileg, ívilnandi kjör og iv) bann við því að byrja á nýjum áætlunum um kauprétt á hlutabréfum eða að framlengja eða endurnýja eldri áætlanir.

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Til þess að aðstoðarráðstöfun fullnægi skilyrðum fyrir því að teljast ríkisaðstoð verður hún í fyrsta lagi að vera á vegum ríkisins eða fela í sér nýtingu ríkisfjármuna. Áður tilkynnt aðstoðarkerfi felur í sér eiginfjárframlag frá sjóðnum með fjármunum af fjárlögum ríkisins. Í þessu skyni hefur sjóðnum verið úthlutað samtals 50 milljörðum norskra króna.

Þar við bætist að ráðstafanir til endurfjármögnunar gera stuðningsþegum kleift að tryggja tilskilið eigið fé með hagstæðari skilyrðum en ella hefði verið unnt í ljósi ríkjandi aðstæðna á fjármálamörkuðum. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að vegna yfirstandandi erfiðleika á fjármagnsmörkuðum leggi ríkið fram fé vegna þess að enginn rekstraraðili í markaðshagkerfi hefði viljað fjárfesta við sambærileg kjör. Auk þess er hin áður tilkynnta aðstoðarráðstöfun sértæk þannig að aðeins þeir norsku bankar sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og ekki neinar aðrar fjármálastofnanir eða önnur fyrirtæki eru hlutgeng samkvæmt aðstoðarkerfinu. Þetta veitir stuðningsþegum efnahagslegan ávinning og styrkir stöðu þeirra samanborið við keppinauta þeirra í Noregi og öðrum EES-ríkjum og því verður að telja að þetta raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Af þessum sökum lítur Eftirlitsstofnun EFTA svo á að hin áður tilkynnta áætlun um endurfjármögnun sé ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2 Málsmeðferð

Eftirfarandi ákvæði er að finna í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3: „Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda [...]. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en endanleg niðurstaða liggur fyrir“.

Stjórnvöld í Noregi virtu tilkynningaskylduna með því að tilkynna áætlunina um endurfjármögnun hinn 28. apríl 2009. Þau hafa skuldbundið sig til að hrinda aðstoðarkerfinu ekki í framkvæmd fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefur fallist á aðstoðarráðstöfunina og virða þar með stöðvunarákvæðið.

Eftirlitsstofnun EFTA getur þar af leiðandi ályktað að stjórnvöld í Noregi hafi virt skuldbindingar sínar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

3 Samrýmist aðstoðin samkeppnisreglum?

3.1 Beiting staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins og Leiðbeinandi reglna um endurfjármögnun

Samkvæmt ákvæðum staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins getur „aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“ (leturbreyting hér) talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA gerir ekki ágreining við þá greiningu stjórnvalda í Noregi að yfirstandandi fjármálakreppa í heiminum hafi takmarkað lánveitingar til raunhagkerfisins á landsvísi. Ef ekki yrði gripið til aðgerða myndi hún hafa kerfistengd áhrif á norskt efnahagslíf í heild. Það er því niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að markmiðið með hinu áður tilkynnta aðstoðarkerfi sé að ráða bót á alvarlegri röskun á norsku efnahagslífi.

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti í janúar 2009, á grundvelli staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun þar sem mælt er fyrir um reglur um mat á aðstoð sem yrði veitt í formi endurfjármögnunar í tengslum við yfirstandandi fjármálakreppu. Eftirlitsstofnun EFTA mun þar af leiðandi meta tilkynninguna sem hér er til umfjöllunar í samræmi við ákvæði Leiðbeinandi reglna um endurfjármögnun.

Í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun er kveðið á um eftirfarandi: „*Með vísan til núverandi aðstæðna á fjármálamörkuðum getur endurfjármögnun banka þjónað ýmsum tilgangi. Í fyrsta lagi stuðlar endurfjármögnun að því að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu og byggja aftur upp það traust sem er nauðsynlegt til þess að millibankalánveitingar komist aftur í eðlilegt horf. [...] Í öðru lagi getur endurfjármögnun haft þann tilgang að tryggja eðlilegar lánveitingar til raunhagkerfisins“* ⁽²⁹⁾. Enn fremur segir þar: „*Bankar verða að hafa aðgang að fjármagni á nægilega góðum kjörum til þess að endurfjármögnunin nái tilætluðum árangri. Á hinn bóginn eiga skilyrðin, sem sett eru fyrir endurfjármögnun í hverju tilviki, að tryggja að bankar geti starfað á jafnræðisgrundvelli, svo og að eðlileg markaðsskilyrði komist aftur á þegar til lengri tíma er litið. Afskipti hins opinbera þurfa því bæði að vera í réttu hlutfalli við vandann, sem við er að glíma, og tímabundin og þeim verður að haga þannig að bankar búi við hvata til að endurgreiða hinu opinbera um leið og markaðsaðstæður leyfa (...). Þegar banki er endurfjármagnaður þurfa stjórnvöld í EFTA-riki að fullvissa sig um það í hverju tilviki að raunveruleg þörf sé á slíkri aðgerð“* (leturbreyting hér) ⁽³⁰⁾.

Aðstoðarráðstafanirnar sem tilkynnt er um verða því að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Að vera viðeigandi (aðstoðarráðstöfunin verður að vera fullnægjandi til að ná settum markmiðum): aðstoðarráðstöfunin verður að vera markviss til að unnt verði að ná því markmiði að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingum til raunhagkerfisins á skilvirkan hátt,
- Að vera nauðsynlegar: aðstoðarráðstöfunin verður að vera nauðsynleg til að ná yfirlýstu markmiði, bæði að því er varðar fjárhæð og form ⁽³¹⁾,
- Að vera hæfilega umfangsmiklar: jákvæð áhrif aðstoðarráðstöfunarinnar verða að vega á viðunandi hátt á móti röskun á samkeppni til að röskunin takmarkist við það lágmark sem er nauðsynlegt til að ná fram markmiðum aðstoðarráðstöfunarinnar.

3.2 Er ráðstöfunin viðeigandi?

Eftirlitsstofnun EFTA verður í fyrsta lagi að meta hvort aðstoðarráðstöfunin sem lögð er til, þ.e. endurfjármögnun ríkisins á bönkum sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, sé viðeigandi ráðstöfun til að ná fram yfirlýstum markmiðum um að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingum til raunhagkerfisins.

Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að lánastofnanir kunni að þurfa aukið fé við núverandi aðstæður á mörkuðum til að tryggja nægjanlegt flæði lána til alls hagkerfisins og vinna þannig gegn því að kreppan dýpki frekar. Að auki hefur óvissa varðandi efnahagshorfur dregið úr trausti á langtíma greiðslugetu fjármálastofnana. Með endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur skal tryggja að fjármálastofnanir séu nægilega vel fjármagnaðar til að þær standist betur hugsanlegt tap og gangi betur að halda uppi eðlilegri útlánastarfsemi.

Því er unnt að líta svo á að eiginfjárframlag til banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur sé viðeigandi ráðstöfun til að tryggja að hagstæð skilyrði séu fyrir hendi til lánveitinga til raunhagkerfisins í samræmi við kröfur Leiðbeinandi reglna um endurfjármögnun.

⁽²⁹⁾ 4. og 5. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³⁰⁾ 11. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³¹⁾ Mál C-390/06 *Nuova Agricast v Ministero delle Attività Produttive*, dómur frá 15. apríl 2008 (óbirtur að svo stöddu), 68. liður. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þar eð „ljóst má vera af máli 730/79 [...] að aðstoð sem bætir fjárhagsstöðu stuðningsþegans en er ekki nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans getur ekki talist samrýmanleg sameiginlega markaðnum.“

3.3 Er ráðstöfunin nauðsynleg?

Aðstoðarráðstöfunin verður að vera nauðsynleg til að ná yfirlýstu markmiði, bæði að því er varðar fjárhæð og form, með vísan til þeirra óvenjulegu aðstæðna sem nú eru uppi. Því má líta svo á að aðstoð til þeirra banka einna sem búa í meginatriðum við traustan rekstur sé nauðsynleg að því er varðar yfirlýst markmið.

Stjórnvöld í Noregi sjá fyrir sér að áður tilkynnt aðstoðarkerfi öðlist gildi í maí 2009 og að það verði við lýði í 6 mánuði. Frestur til að skila inn umsóknum um eiginfjárframlag verður ákveðinn 6 vikum áður en 6 mánaða tímabilið rennur út (um það bil í lok september 2009).

Eiginfjárframlaginu er þar að auki ætlað að vera tímabundið. Í aðstoðarkerfinu eru innbyggðir hvatar til að hvetja bankana til að endurgreiða eiginfjárframlagið og verulegar hömlur eru settar á athafnir þeirra til að hvetja enn frekar til þess að aftur verði horfið til eðlilegra markaðsaðstæðna.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld í Noregi hafi, með því að setja aðstoðarkerfinu tímamörk, einskorðað hugsanlega ríkisaðstoð við þá stöðu sem nú er uppi á fjármálamörkuðum og þá alvarlegu röskun sem er fyrir hendi í norsku efnahagslífi.

Í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun er lögð áhersla á mikilvægi þess að greina á milli banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur og skila mikilli arðsemi og banka sem standa höllum fæti og skila lítilli arðsemi. ⁽³²⁾.

Stjórnvöld í Noregi hafa gert grein fyrir því að aðeins bankar sem búa í meginatriðum við traustan rekstur séu hlutgengir til að taka þátt í hinu áður tilkynnta aðstoðarkerfi. Norska fjármálaeftirlitið mun, að fengnum upplýsingum, sem bankarnir leggja fram þegar þeir sækja um eiginfjárframlag, og á grundvelli hlutlægra viðmiðana (formlegs eiginfjárkröfuhlutfalls, greiningar á ýmsum áhættuþáttum hvers banka, gæða eigna, rekstrarhorfa, o.s.frv.), gegna hlutverki „hliðvarðar“ og meta hvort banki búi í meginatriðum við traustan rekstur. Aðstoðarkerfið verður aðeins aðgengilegt þeim bönkum sem fjármálaeftirlitið úrskurðar að uppfylli eiginfjárkröfur eiginfjárgrunnns A „nokkuð ríflega, einnig þegar tekið er tillit til líklegrar framvindu í náinni framtíð“ ⁽³³⁾.

Því má álykta sem svo að hið áður tilkynnta aðstoðarkerfi virði þann greinarmun sem gerður er í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun og að það verði ekki notað til að endurfjármagna banka sem búa ekki í meginatriðum við traustan rekstur.

EFTA-ríkin ættu að tryggja að endurfjármögnun banka byggji á raunverulegri þörf ⁽³⁴⁾. Seðlabanki Noregs gerði álagspróf á sex stærstu norsku bönkunum í desember 2008. Í prófinu var endurtekin neikvæð sviðsmynd þar sem niðurstaðan var sú að bankarnir myndu tapa að meðaltali 2,3% af áhættuvegnum eignum sínum. Seðlabanki Noregs mat það svo eftir hermun á neikvæðum horfum að um það bil 34 milljarða norskra króna þyrfti til að endurfjármagna 10 stærstu bankana. Stjórnvöld í Noregi hafa, á grundvelli þeirra niðurstaðna, áætlað að 50 milljarðar norskra króna myndu duga til að unnt yrði að auka grunnfê allra norskra banka um 2,3% að meðaltali. Fjárveiting til aðstoðarkerfisins er því 50 milljarðar norskra króna.

Umfang eiginfjárframlags sem stjórnvöld í Noregi hafa lagt til tengist því þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja á norskum bankamarkaði. Stjórnvöld í Noregi hafa ákvarðað hámark á aukningu grunnfjárlutfalls með eiginfjárframlögum frá sjóðnum og það tengist því hversu hátt grunnfjárlutfallið var í viðkomandi banka áður en afskipti hins opinbera komu til. Bankar með grunnfjárlutfall undir 7% mega þannig sækja um endurfjármögnun til að auka grunnfjárlutfall sitt en það má þó ekki verða hærra en 10% ⁽³⁵⁾. Banka með grunnfjárlutfall á milli 7% og 10% má endurfjármagna um allt að 3 prósentustig en þó má grunnfjárlutfallið ekki verða hærra en 12%. Bankar með grunnfjárlutfall yfir 10% mega aðeins sækja um 2ja prósentustiga grunnfjárframlag að hámarki.

⁽³²⁾ 2. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³³⁾ 2. gr. reglugerðarinnar.

⁽³⁴⁾ 11. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³⁵⁾ Þar eð bankar með lægra eiginfjárlutfall en 6% eru að jafnaði ekki hlutgengir samkvæmt aðstoðarkerfinu, er hámarkshækkun fyrir banka í þessum flokki 4 prósentustig. Eins og nefnt er í 9. nmgr. hér að framan er mjög sjaldgæft að eiginfjárlutfall banka sé lægra en 7 af hundraði.

Eins og greint er frá hér að framan mun sjóðurinn ákveða raunverulega fjárhæð eiginfjárframlagsins og hún verður tilgreind í samningnum við hvern banka sem sækir um. Auk þess munu umsóknir frá bönkum, sem skipta miklu fyrir kerfið, fá forgang og með því verður tryggt að tekið verði tillit til þess markmiðs að koma aftur á stöðugleika í fjármálakerfinu ⁽³⁶⁾. Jafnframt mun sjóðurinn krefjast viðbótarrökstuðnings í tengslum við umsóknir þar sem farið er fram á meira en 2 prósentustiga eiginfjárframlag til að ganga úr skugga um að þörf sé fyrir svo mikið eiginfjárframlag.

Eftirlitsstofnun EFTA verður tilkynnt um öll tilvik þar sem eiginfjárframlagið er meira en 2%.

Sjóðurinn mun einnig krefjast viðbótarrökstuðnings í tengslum við allar umsóknir þar sem áformað eiginfjárframlag mun hækka grunnfjárlutfall bankans, sem sækir um, í meira en 12%. Sjóðurinn verður því í aðstöðu til að ganga úr skugga um hvort þörfin fyrir afskipti hins opinbera sé fyrir hendi, þrátt fyrir að bankarnir séu mjög vel fjármagnaðir. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að þessi staða eigi einkum við um litla sparisjóði sem hafa takmarkaða möguleika á að fjármagna sig. Markaðshlutdeild þessara banka er lítil (aðeins 11% af heildareignum bankanna) og þeir stunda einkum viðskipti á staðbundnum mörkuðum. Ef sértækar þarfir bankans eru ekki nægilega vel rökstuddar mun sjóðurinn hafna umsókn hans.

Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að hið áður tilkynnta aðstoðarkerfi sé þannig úr garði gert að það tryggi að eiginfjárframlagið byggi ávallt á raunverulegri þörf.

3.4 Meðalhófsreglan

Loks verður Eftirlitsstofnun EFTA að meta hvort skilmálar fyrir eiginfjárframlagi séu þeir að aðstoðarfjárhæðin verði eins lág og kostur er til að samkeppnisröskun verði ekki meiri en nauðsynlegt er til að ná fram yfirlýstum markmiðum.

Í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun kemur fram að besta tryggingin fyrir því að takmarka samkeppnisröskun sé sú að verðlagningin sé nálægt markaðsverði ⁽³⁷⁾. Endurfjármögnunin verður því að vera þannig úr garði gerð að tekið sé tillit til markaðsstöðu hvernar stofnunar og að hún feli í sér hvata til að bankinn endurgreiði ríkinu eins fljótt og auðið er. Því ber að nota eftirtalda þætti þegar ráðstafanirnar um endurfjármögnun eru metnar: markmið endurfjármögnunarinnar, hversu traustur rekstur bankans, sem nýtur stuðnings, er í meginatriðum, endurgjald, útgönguhvata og tryggingar fyrir því að aðstoðin verði ekki misnotuð og að samkeppni raskist ekki.

Markmiðið með aðstoðinni og það hversu traustan rekstur bankarnir búa við í meginatriðum hefur verið tekið til skoðunar hér að framan. Þegar heildarfjárhæð endurgjaldsins er ákveðin verður að taka fullnægjandi mið af eftirtöldum þáttum :

- áhættustöðu stuðningsþega,
- séreinkenni eiginfjárgærningsins sem notast er við,
- útgönguhvötum og
- áhættulausum vöxtum sem telja má viðeigandi viðmiðun ⁽³⁸⁾.

Í leiðbeinandi reglunum er tilgreind viðeigandi aðferð til að ákvarða verð fyrir endurfjármögnun með vísan til aðferðafræðinnar sem er lýst í fyrrnefndum tilmælum Seðlabanka Evrópu. Aðferð þessi felur í sér útreikning á kostnaðarbili á grundvelli mismunandi þátta þar sem neðri mörkin eru arðsemiskrafa af vöxtum skuld og efri mörkin eru arðsemiskrafa af almennum hlutum. Bæði neðri og efri mörkin eru sett saman úr ávöxtun af ríkisskuldabréfum og álagsþáttum. Endurspegla skal sérkenni einstakra stofnana og EFTA-ríkjanna þegar kostnaðarbilið er reiknað út við tiltekna aðstæður. Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir einnig aðrar aðferðir við verðlagningu, að því tilskildu að þær leiði til endurgjalds sem er hærra en samkvæmt aðferð Seðlabanka Evrópu ⁽³⁹⁾.

⁽³⁶⁾ 2. gr. reglugerðarinnar.

⁽³⁷⁾ 19. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³⁸⁾ 23. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

⁽³⁹⁾ 30. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

Arðsemiskrafa af víkjandi skuld er því reiknuð sem ávöxtun af ríkisskuldabréfi að viðbættu skuldtryggingaálagi útgáfubankans og þar ofan á leggjast 200 grunnpunktar til að standa straum af rekstrarkostnaði og til að vera útgönguhvati. Að því er varðar aðra blandaða gerninga með sambærileg efnahagsleg sérkenni og víkjandi skuld, endurspeglast staða þessara gerninga í því að 100 grunnpunktar bætast þar ofan á.

Stjórnvöld í Noregi hafa tilgreint að blandað verðbréf úr eiginfjárbætti A falli undir lýsinguna hér að framan og hafa reiknað út að endurgjaldið fyrir þann gerning samsvari ávöxtun af ríkisskuldabréfi að viðbættum 5,0% fyrir banka í áhættuflokki 1 (álagið er 5,5% í áhættuflokki 2 og 6% í áhættuflokki 3). Þau hafa bent á að Seðlabanki Noregs hafi metið skuldtryggingaálag DnB NOR (stærsta norska bankans og hins eina sem gögn um skuldtryggingaálag eru til fyrir) upp á 100 grunnpunkta. Þar eð viðeigandi gögn eru ekki tiltæk fyrir aðra norska banka hafa stjórnvöld lagt sama álag á alla banka. Ef aðferðafræði Seðlabanka Evrópu væri beitt myndi það því leiða til lágmarksálags upp á 400 grunnpunkta. Eins og greint er frá hér að framan er lágmarksálag samkvæmt áður tilkynnta aðstoðarkerfinu 500 grunnpunktar og er því í samræmi við leiðbeinandi reglurnar hvað þetta varðar.

Arðsemiskrafa af almennum hlutum er reiknuð sem ávöxtun af ríkisskuldabréfi að viðbættu 500 grunnpunkta áhættuálagi vegna hlutafjár og þar ofan á leggjast 100 grunnpunktar til að standa straum af rekstrarkostnaði og til að vera útgönguhvati. Að því er varðar aðra gerninga með sambærileg efnahagsleg sérkenni og almennir hlutir (þar með talið gerningar án fasts gjalddaga sem breytast í almenna hluti), skal ávöxtunarkrafan vera nálægt því sem hún er fyrir almenna hluti.

Stjórnvöld í Noregi hafa tilgreint að forgangseiginfjárgerningur úr eiginfjárbætti A falli undir lýsinguna hér að framan og hafa reiknað út að endurgjaldið fyrir þann gerning samsvari ávöxtun af ríkisskuldabréfi að viðbættum 6,0% fyrir banka í áhættuflokki 1 (álagið er 6,5% í áhættuflokki 2 og 7% í áhættuflokki 3). Ef aðferðafræði Seðlabanka Evrópu væri beitt myndi það leiða til lágmarksálags upp á nærri 600 grunnpunkta og því má álykta sem svo að álagið að því er varðar forgangseiginfjárgerninginn sé í samræmi við Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun.

Hinn þáttur endurgjaldsins er ávöxtun af ríkisskuldabréfi ⁽⁴⁰⁾. Áður tilkynnta aðstoðarkerfið byggir á norsku ríkisskuldabréfi til 5 ára. Áður tilkynnta aðstoðarkerfið gefur bönkum sem standa að umsókn þó kost á því að tengja endurgjaldið við spariskírteini ríkissjóðs til sex mánaða. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að um þessar mundir séu 6 mánaða breytilegir vextir um það bil einu prósentustigi lægri en fastir vextir af ríkisskuldabréfi til 5 ára. Í dag yrði endurgjald banka, sem kysi endurgjald er byggir á 6 mánaða breytilegum vöxtum, því um það bil 1 prósentustigi lægra.

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að leiðirnar tvær til að verðleggja eiginfjárfraumlögin séu að jafnaði jafngildar. Þau sýna fram á það með því að reikna út endurgjald sem byggir bæði á núverandi vöxtum af norsku ríkisskuldabréfi til 5 ára og hreinu núvirði kostnaðar við spariskírteini ríkissjóðs til 6 mánaða á framvirkum markaði á fimm ára tímabili. Þetta byggir á þeirri kenningu að jöfnuður milli fastra vaxta og breytilegra verði tryggður þegar til lengri tíma er litið.

Enda þótt útreikningarnir byggji á væntingum og tryggi ekki að vextirnir verði ávallt í samræmi við spár kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sé líklegt að endurgjald, sem er bundið við spariskírteini ríkissjóðs til 6 mánaða, verði innan verðbilsins sem var ákvarðað á grundvelli aðferðafræðinnar sem er lýst hér að framan. Að auki hefur Eftirlitsstofnun EFTA tekið mið af þeirri staðreynd að álagsþættirnir eru hærri en það lágmark sem krafist er samkvæmt Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

Nú þegar fjallað hefur verið um viðeigandi viðmiðunarvexti og einkenni gerninganna sem í boði eru, er áhættustaða stuðningsþegans næsti þáttur endurgjaldsins sem huga ber að.

⁽⁴⁰⁾ Þetta er skilgreint sem hér segir í tilmælum Seðlabanka Evrópu: „fjárhæð i) meðalávöxtunar af viðmiðunarskuldabréfi myntbandalags Evrópu til 5 ára á síðustu 20 virkum dögum fyrir eiginfjárfraumlögið og ii) ríkjandi meðalvaxtamunur í því landi þar sem fjármálastofnunin á lögheimili á viðmiðunartímabilinu frá 1. janúar 2007 til 31. ágúst 2008“.

Eins og greint er frá hér að framan skal sjóðurinn skipa hverjum banka í einn þriggja áhættuflokka á grundvelli hlutlægra viðmiðana ⁽⁴¹⁾. Áhættuflokkurinn ákvarðar föstu vaxtagreiðsluna sem greiða ber af eiginfjárframlaginu. Í 1. viðauka við Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun er að finna frekari upplýsingar um hvernig meta eigi áhættustöðu stuðningsþegans og þar eru eiginfjárkröfur, umfang endurfjármögnunarinnar, núverandi skuldatryggingaálag og mat á umsóknarbankanum og horfurnar fyrir hann tilgreindar sem viðeigandi vísar.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að matsaðferð sjóðsins, sem er lýst í gr. I.5.3 hér að framan, taki nægilegt tillit til einstakra vísa og leiði því til viðeigandi flokkunar umsóknarbanka þegar litið er til áhættu.

Stjórnvöld í Noregi hafa bætt 50 grunnpunktum við endurgjaldið vegna banka í áhættuflokki 2 og 100 grunnpunktum vegna banka í áhættuflokki 3. Grunnforsendan fyrir þessu hefur verið skýrð sem sannreynður munur á lánsáhættu vegna víkjandi skuldar DnB NOR, annars vegar, og annarra norskra banka, hins vegar, sem álag ofan á áætlaðað skuldatryggingaálag DnB NOR. Sannreynt bil á milli lægstu og hæstu ávöxtunar reyndist ekki vera meira en um það bil 100 grunnpunktar og því var ákveðið að álagið á milliáhættuflokkinn og hæsta áhættuflokkinn skyldi vera 50 grunnpunktar, annars vegar, og 100 grunnpunktar, hins vegar.

Lokaþáttur endurgjalds sem tilgreindur er í leiðbeinandi reglunum er útgönguhvatarnir sem eru innbyggðir í aðstoðarkerfið. Í þessu tilliti bendur Eftirlitsstofnun EFTA á að endurgjald fyrir blandað verðbréf úr eiginfjárþætti A (sem má innleysa hvenær sem er) hækkar um 1 prósentustig á ári á 4. og 5. ári og hærri arðmiðinn gildir þar til það er innleyst. Að því er varðar forgangseiginfjárgerning úr eiginfjárþætti A er innlausn ekki möguleg fyrr en að þremur árum liðnum og við lok fimmta ársins er gerningnum sjálfkrafa breytt í almenna hluti. Í reglugerðinni er þó mælt fyrir um að 1) innlausn skuli ekki vera á lægra verði en bókfærðu verði og að það skuli hækka á 4. og 5. ári og að 2) breyting í hluti við lok 5. ársins skuli vera háð þannig skilmálum að bankinn hafi hvata af því að innleysa gerninginn áður en sjálfkrafa breyting á sér stað. Stjórnvöld í Noregi hafa einnig gefið til kynna, í því skyni að hvetja enn frekar til innlausnar, að sjálfkrafa breyting í hluti ætti einnig að vera hagstæðari fyrir sjóðinn en breyting á gildandi markaðsverði og hafa þannig í för með sér umtalsverða þynningu á hlutum núverandi hluthafa.

Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á, þegar tekið hefur verið tillit til allra þessara þátta, að áður tilkynnta aðstoðarkerfið kveði á um endurgjald sem er í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

Til viðbótar við endurgjald og útgönguhvata vísa Leiðbeinandi reglur um endurfjármögnun einnig til ráðstafana til að varna gegn misnotkun aðstoðar og samkeppnisröskun og er EFTA-rikjunum gert skylt að binda endurfjármögnunina virkum og framfylgjanlegum skilyrðum á landsvísi þannig að tryggt sé að eiginfjárframlagið nýtist til að halda uppi lánveitingum til raunhagkerfisins svo að markmiðinu um að fjármagna raunhagkerfið verði náð á skilvirkan hátt ⁽⁴²⁾. Eftirlitsstofnun EFTA bendir í þessu tilliti á það að áður tilkynnt aðstoðarkerfi feli í sér að bönkum, sem fá eiginfjárframlag, séu lagðar skuldbindingar á herðar um athafnir þeirra til að tryggja að fjármunirnir verði ekki notaðir til annars en að styðja við lánveitingar til raunhagkerfisins. Ákvæði 6. gr. reglugerðarinnar tryggja að sjóðurinn fái með reglulegu millibili upplýsingar um útlánastefnu bankanna sem njóta stuðnings, ákvæði 8. gr. gera bönkum, sem fá eiginfjárframlag, skylt að skuldbinda sig til að nota það í samræmi við markmið aðstoðarkerfisins, en ekki að ganga þvert gegn tilgangi þess sem er að stuðla að lánveitingum til raunhagkerfisins og ákvæði 14. gr. veita sjóðnum heimild til að grípa til ráðstafana til að tryggja að farið sé að skilmálunum um eiginfjárframlag.

Eftirlitsstofnun EFTA bendir að lokum á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki gripið til neinna annarra ráðstafana á sviði ríkisaðstoðar til bankageirans.

⁽⁴¹⁾ Sjá 17. nmgr. hér að framan.

⁽⁴²⁾ 39. liður í Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

4 Niðurstaða

Með vísan til fyrrnefnds mats telur Eftirlitsstofnun EFTA að aðstoðarkerfið um tímabundna endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að ýta undir stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingar til raunhagkerfisins, sem stjórnvöld í Noregi eru að undirbúa að hrinda í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins í skilningi 61. gr. EES-samningsins, með hliðsjón af Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

Stjórnvöld í Noregi eru minnt á að skylt er samkvæmt 21. gr. II. hluta bókunar 3, með hliðsjón af 6. gr. ákvörðunar 195/04/COL, að leggja fram árlegar skýrslur um framkvæmd reglnanna.

Stjórnvöld í Noregi eru jafnframt minnt á að skylt er að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA öll áform um breytingar á reglunum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við aðstoðarkerfi fyrir tímabundna endurfjármögnun banka sem búa í meginatriðum við traustan rekstur, í því skyni að ýta undir stöðugleika í fjármálakerfinu og lánveitingar til raunhagkerfisins með vísan til 61. gr. EES-samningsins og með hliðsjón af Leiðbeinandi reglum um endurfjármögnun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 8. maí 2009

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Kurt Jaeger

Stjórnarmaður

**Auglýst eftir athugasemdum, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 2011/EES/6/02
3 við samning milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem
varðar ríkisaðstoð í tengslum við sölu sveitarfélagsins Oppdal á lóðinni gbnr 271/8**

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 417/COL frá 3. nóvember 2010, sem er birt á upprunalegu, fullgiltu tungumáli á eftir þessu ágripi, markar upphaf málsmeðferðar samkvæmt 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samning milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Stjórnvöldum í Noregi hefur verið tilkynnt um málsmeðferðina með afriti af ákvörðuninni.

Eftirlitsstofnun EFTA veitir EFTA-rikkjunum, aðildarríkjum Evrópusambandsins og áhugaaðilum eins mánaðar frest frá birtingardegi þessarar auglýsingar til að gera athugasemdir við ráðstöfunina sem um ræðir. Athugasemdirnar skal senda á eftirfarandi póstfang:

Eftirlitsstofnun EFTA
Registry
Rue Belliard/Belliardstraat 35
1040 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Athugasemdir, sem berast, verður komið á framfæri við stjórnvöld í Noregi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

ÁGRIP

Hinn 7. febrúar 2007 bauð Strand Drift Oppdal AS sveitarfélaginu Oppdal að reisa þjónustuaðstöðu fyrir gesti skíðasvæðis á landareign 271/8. Breyta þyrfti reglum sveitarfélagsins til að unnt væri að nota svæðið undir bílastæði fyrir almenning. Í bréfi til sveitarfélagsins, sem var dagsett 19. febrúar 2007, lýsti Strand Drift Oppdal AS áhuga sínum á að kaupa eignina. Sveitarfélagið svaraði því til, í bréfi dagsettu 30. nóvember 2007, að tillaga Strand Drift Oppdal AS um að kaupa eignina yrði lögð til hliðar þar til ákvörðun lægi fyrir um breytingu á reglum sveitarfélagsins.

Hinn 30. júní 2008 ákvað sveitarfélagið Oppdal að fá tvo aðila til að meta virði landareignarinnar og hefja því næst samningaviðræður við Strand Drift Oppdal AS um söluna. Sveitarfélagið fékk síðan tvær aðgreindar skýrslur. Virði eignarinnar var metið 850 000 NOK annars vegar og 800 000 NOK hins vegar.

Hinn 15. júlí 2008 boðaði sveitarfélagið Strand Drift Oppdal AS á fund til fyrstu viðræðna um drög að sölusamningi vegna eignarinnar. Sveitarfélagið skýrði Strand Drift Oppdal AS frá matsgerðunum og að söluverði væri 850 000 NOK.

Matsgerðirnar voru samkvæmt beiðni sendar til Oppdal Booking AS hinn 21. júlí 2008. Í bréfi dagsettu 23. júlí kvartaði Oppdal Booking AS yfir matsgerðunum og staðhæfði að þær endurspegluðu ekki rétt markaðsvirði. OB fullyrkti, m.a. að það væri reiðubúið að greiða miklu hærra verð. Sama dag sendi Oppdal Booking AS bréf til sveitarfélagsins með tilboði sem hljóðaði upp á 3,1 milljón NOK. Tilboðinu var lýst sem „fyrsta boði“ og að það væri háð því að nauðsynleg leyfi til að skipuleggja landareignina yrðu veitt og að Oppdal Booking AS fengi nægan tíma til að hanna bygginguna sem þar átti að rísa.

Hinn 31. júlí 2008 skrifaði sveitarfélagið undir samning við Strand Drift Oppdal AS. Eftirlitsstofnun EFTA skilur málavexti svo, að ekki hafi verið gerður bindandi samningur að norskum lögum fyrr en á þeirri stundu.

Eftirlitsstofnunin mun meta sölu stjórnvalda á lóðum samkvæmt *leiðbeiningum vegna ríkisaðstoðar í tengslum við sölu stjórnvalda á lóðum og húseignum*. Í leiðbeiningunum er fjallað um tvo hugsanlega kosti: í fyrsta lagi útboðsferli og í öðru lagi mat óvilhalls sérfræðings. Þar er þó ekki fjallað um þá stöðu sem upp kemur þegar bindandi tilboð berst eftir að mat sérfræðings liggur fyrir en áður en bindandi samningur er gerður. Í málinu sem hér er til umfjöllunar var tilboðið nærri fjórum sinnum hærra en það verð sem sérfræðingar töldu vera markaðsverð.

Eftirlitsstofnunin telur að við aðstæður sem þessar sé framlagning tilboðs líkleg til að vekja efasemdir um hvort matsgerðirnar endurspegli raunverulegt markaðsverð eignarinnar. Trúverðugt og bindandi tilboð myndi alla jafna teljast vera betri grundvöllur fyrir ákvörðun markaðsverðs þar eð það endurspeglar hvað einhver er í raun reiðubúinn að greiða fyrir eignina. Eftirlitsstofnunin bendir á að stjórnvöld í Noregi hafi ekki lagt fram nein gögn þar sem færð eru rök fyrir því að tilboðið hafi ekki verið trúverðugt eða að það hafi ekki endurspeglad rétt markaðsvirði eignarinnar, m.a. vegna sérstaks áhuga bjóðandans á að kaupa eignina.

Stuðningsráðstafanir, sem falla undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eru í almennum atriðum ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins, nema þær fullnægi skilyrðum fyrir undanþágu samkvæmt ákvæðum 2. eða 3. mgr. 61. gr. samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA efast aftur á móti um að viðskiptin, sem hér eru til athugunar, geti talist réttlætanleg með vísan til ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, hefur Eftirlitsstofnun EFTA ákveðið að hefja formlega rannsókn í samræmi við 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins. Áhugaaðilum er gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir og skulu þær berast áður en mánuður er liðinn frá því að ákvörðun þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY DECISION**No. 417/10/COL****of 3 November 2010**

to initiate the formal investigation procedure provided for in Article 1(2) in Part I of Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement with regard to the sale by Oppdal municipality of the plot of land gbnr 271/8

(Norway)

The EFTA Surveillance Authority (“the Authority”),

HAVING REGARD to the Agreement on the European Economic Area (“the EEA Agreement”), in particular to Article 61 and Protocol 26,

HAVING REGARD to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice (“the Surveillance and Court Agreement”), in particular to Article 24,

HAVING REGARD to Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement (“Protocol 3”), in particular to Article 1(3) of Part I and Articles 4(4) and 6 of Part II,

HAVING REGARD to the consolidated version of the Authority’s Decision No 195/04/COL of 14 July 2004 on the implementing provisions referred to under Article 27 of Part II of Protocol 3 (“the Implementing Provisions Decision”)⁽¹⁾,

HAVING REGARD to the State Aid Guidelines on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities⁽²⁾,

Whereas:

I. FACTS**1 Procedure**

By letter dated 3 July 2008 (Event No 484519), Oppdal Booking AS (OB) filed a complaint against Oppdal municipality’s intended sale of the property 271/8 in Oppdal to Strand Drift Oppdal AS (SDO).

By letter dated 9 July 2008 (Event No 485146), the Authority requested additional information from the Norwegian authorities. The Norwegian authorities replied in a letter dated 9 August 2008 (Event No 490114).

By letter dated 8 September 2008 the buyer, SDO, submitted comments to the Authority (Event No 491369).

On 1 October 2008, OB provided supplementing information in a letter to the Authority (Event No 493593).

2 Chronology of events

On 7 February 2007, SDO had through an application, proposed to the municipality the building of a service facility for ski resort customers on property 271/8. An amendment of the municipal regulations would be necessary to use the area as a public parking facility. In a letter to the municipality dated 19 February 2007, SDO expressed their interest in buying the property. The municipality replied in a letter dated 30 November 2007, that until it had decided on the

⁽¹⁾ Available at: <http://www.efasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>

⁽²⁾ This Chapter of the Guidelines corresponds to the Commission Communication on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities (OJ C 209, 10.7.97, p. 3) also available at: <http://www.efasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>

amendment of the municipal regulations, SDO's proposal to buy the property would be put on hold.

On 31 March 2008, the municipality approved the application. OB then filed a complaint on the municipality's decision. By letter dated 5 May 2008 the municipality informed SDO of the complaint, and that the request to buy the property could not be considered before a decision on the complaint was taken. On 26 May 2008, the municipality referred OBs' complaint to the regional regulations authority (Fylkesmannen) for processing.

By letter dated 30 May 2008 OB expressed its interest in buying the property to the municipality, in case their complaint was not sustained by the regional authority. By letter dated 6 June 2008 the municipality informed SDO that the municipality would not consider the request to buy the property until the complaint on the municipality's decision had been dealt with by the regional authority. The municipality also explicitly denied that SDO had any option on buying the property.

On 30 June 2008, Oppdal municipality decided to obtain two separate evaluations of the property, and thereafter proceed with sale negotiations with SDO.⁽³⁾

Oppdal municipality obtained two separate reports which assessed the value of the property. The first report dated 7 July 2008, was made by Ragnar Lian, and the second report, dated 9 July 2008, was made by Geir Husebø. The property's value was assessed respectively as 850 000 and 800 000 NOK. Both experts had estimated a "normal sales value", defined as the price the property could be sold for on the day of appraisal, meaning a price that more than one buyer would be willing to pay. One of the experts, Geir Husebø, also added to this definition in his report, that the assessment disregarded potential buyers who due to exceptional circumstances were willing to pay a particularly high price.

On 15 July 2008, the municipality invited SDO to a meeting to discuss a draft sales contract for the property for the first time. The municipality informed SDO of the appraisals, and that the sales price would be 850 000 NOK. According to the municipality's minutes from the meeting, the municipality planned to decide on the result of the negotiations on 24 July 2008. SDO signed the contract on 18 July.

The appraisals were sent to OB at their request on 21 July 2008. By letter dated 23 July, OB complained about the appraisals, alleging that they did not reflect the proper market value. OB maintained *inter alia* that they were willing to pay a far higher price, based solely on a calculation of the profit they could derive from the property. The same day OB forwarded a letter to the municipality with an offer of NOK 3.1 million. The offer was described as a "starting offer" and was made on conditions that the necessary permits for developing the property would be granted, and that OB would be given sufficient time to design the building that was to be erected.

On 31 July 2008, the Municipality signed the contract with SDO. As the Authority understands the facts, it was only at this moment that a binding agreement under Norwegian law was entered into.

3. The complaint

In July 2008, OB complained to the Authority alleging that Oppdal municipality was going to sell property 271/8, which served as a parking area for customers of a nearby ski resort, without notifying the sale.

OB owns and operates a number of ski resorts in the Norwegian municipality Oppdal. The buyer of the plot in question, SDO, is a competitor who had previously leased an area from OB for use in its business related to ski equipment and ski instructor services. After OB increased the lease, SDO was looking for new premises.

⁽³⁾ Minutes from meeting 30.6.2008 in Oppdal Municipality (Formannskapet)

In its complaint, OB alleged that the property would be sold without conducting an unconditional bidding procedure, as described in the Authority's guidelines for sales of land and public buildings, paragraph 2.1.⁽⁴⁾ OB also argued that the municipality had not acted in accordance with the alternative procedure described in paragraph 2.2 in the Authority's guidelines, since it had started sale negotiations with the potential buyer prior to obtaining an independent evaluation of the property. Moreover, OB maintained that it was unclear on which principles the evaluation reports are based. OB alleged that its own NOK 3.1 million offer, based on the same exploitation of the property as the buyer, showed that the market price was not reflected in the sales price, and that OB could not be considered to be a buyer with a particular interest in the property.

4. Comments by the Norwegian authorities

The Norwegian authorities consider that the procedure described in paragraph 2.2 in the Authority's guidelines for sales of land and public buildings had been followed, and that no state aid was involved in the transaction. The Norwegian authorities argue that the expert evaluations were obtained prior to any sale negotiations with SDO and reflected the market price. Oppdal municipality has in addition produced an overview dated 29 August 2008, of prices on sales of land in Oppdal, which shows that the price obtained for the property involved is the highest price per square meter known to the municipality.

The authorities further maintain that when assessing the market price the expert should consider which price regular buyers would pay for the property by voluntary sale. Speculative buyers, and buyers with particular needs should be disregarded. Thus, the experts in this case have assessed the market price correctly.

The offer of NOK 3.1 million from OB must in any case be regarded as coming from a party with a particular need, since OB has a dominant position in the local ski service market, and is willing to go far in eliminating its competitors.

II. ASSESSMENT

1. The presence of state aid within the meaning of Article 61(1) EEA Agreement

Article 61(1) of the EEA Agreement reads as follows:

"Save as otherwise provided in this Agreement, any aid granted by EC Member States, EFTA States or through State resources in any form whatsoever which distorts or threatens to distort competition by favouring certain undertakings or the production of certain goods shall, in so far as it affects trade between Contracting Parties, be incompatible with the functioning of this Agreement".

In the following the Authority will assess whether the municipality of Oppdal has granted state aid to SDO in connection with the sale of the plot of land gbnr 271/8. If the transaction was carried out in accordance with the market economy investor principle, *i.e.*, if the municipality sold the land for its market value and the conditions of the transaction would have been acceptable for a private seller, the transaction would not have involved the grant of state aid. On the contrary, state aid could be involved if the sale was not carried out at market price.

1.1. Market investor principle

As a point of departure, the assessment of whether a property has been sold at market value should be assessed at the time of the conclusion of the contract.

The State Aid Guidelines on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities give further information on how the Authority interprets and applies the provisions of the EEA Agreement governing state aid when it comes to assessing sales of public land and buildings. Section 2.1 describes a sale through an unconditional bidding procedure, while Section 2.2 describes a sale without an unconditional procedure (by way of an independent expert valuation).

⁽⁴⁾ State aid elements in sales of land and building by public authorities, published on the Authority's website: <http://www.eftasurv.int/?1=1&showLinkID=15142&1=1>

In this case, the municipality did not organise an unconditional bidding procedure but the sale took place on the basis of two value assessments carried out by independent experts. The assessments were obtained by the municipality on 7 and 9 July 2008, respectively.

Section 2.2 of the State Aid Guidelines on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities, regarding sale without an unconditional bidding procedure, provides that “*if public authorities intend not to use the procedure described under Section 2.1, an independent evaluation should be carried out by one or more independent asset values prior to the sale negotiations in order to establish the market value on the basis of generally accepted market indicators and valuation standards. The market price thus established is the minimum purchase price that can be agreed without granting state aid.*” (Emphasis added)

Although SDO had already contacted the municipality in February 2007 and applied for an amendment of the use of property 271/8, and later the same month, signalled its interest in purchasing the property, the correspondence submitted by the Norwegian authorities indicates that the municipality refused to discuss a sale until the regulatory issues regarding the property were decided upon. This is the reason why it was not until 30 June 2008 that Oppdal municipality decided to obtain two value assessments, and then to proceed with the sale negotiations. According to the information provided by the Norwegian authorities, no discussions on the price or other conditions of the sale had taken place between the municipality and SDO prior to the value assessments.

Both reports estimated a very similar market value for the property: NOK 800 000 and 850 000. The price paid by the purchaser was determined by reference to the valuation report which indicated the highest price, *i.e.* NOK 850 000.

However, as the information has been presented to the Authority, before a binding contract was concluded on the basis of these value assessment, Oppdal municipality received a substantially higher offer of NOK 3.1 million from OB. Nevertheless, the municipality sold the land to SDO for NOK 850 000 on the basis of the price determined by the independent experts.

It would appear that a situation such as the one in the present case is not explicitly foreseen by the Guidelines. The Guidelines refer to two possible scenarios: first, the use of a bidding procedure; second, the use of independent expert valuation. However, they do not deal with the situation that a binding offer is received after the receipt of the expert evaluation but prior to the conclusion of a binding contract. In the case at hand the offer was close to four times higher than the price considered to be market price by the experts.

The Authority considers that in a situation such as this, the submission of an offer is liable to cast doubts on whether the evaluations reflect the actual market price of the property. Generally, a credible and binding offer would seem to be a better basis for the determination of market price as it reflects what someone is actually prepared to pay for the property. The Authority notes that the Norwegian authorities have not presented any information substantiating that the offer was not credible or that it did not accurately reflect the market value of the property, *inter alia*, due to the special interest of the bidder in acquiring the property.

The Commission has in a decision of 30 January 2008, in case C35/2006, dealt with a similar issue, *i.e.* the situation that an offer is made after the receipt of the expert evaluation. In its decision the Commission stated:

“Even if the expert evaluation had been carried out in accordance with the Communication⁽⁵⁾, i.e. an evaluation of the actual plot of land that was to be sold carried out just before the sale and on the basis of generally accepted evaluation standards, this evaluation would only be a second best instrument to determine the market price of the land, in the absence of real price offers. From the moment that a credible and binding bid is submitted and provided that this bid is directly comparable to and higher than the price estimate according to the evaluation, the former must

⁽⁵⁾ Section 2.2 of the State Aid Guidelines on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities corresponds to the Commission Communication on state aid elements in sales of land and buildings by public authorities (OJ C 209, 10.7.97, p. 3)

be preferred. The bid establishes a real market price and should be considered as a better proxy for the foregone State resources than an expert evaluation”.⁽⁶⁾

On the basis of the above, the Authority cannot exclude that the sale of the concerned plot of land gbnr. 271/8 to Strand Drift Oppdal AS for the sales price of NOK 850 000 involved state aid within the meaning of Article 61(1) of the EEA Agreement, provided that the other conditions of the Article are fulfilled.

1.2. The presence of state aid

1.2.1 State resources

In order to qualify as state aid, the measure must be granted by the State or through state resources. The concept of the State does not only refer to the central government but embraces all levels of the state administration (including municipalities) as well as public undertakings.

If the municipality sold the land below its market price, it would have foregone income. In such circumstances, SDO should have paid more for the land and therefore there is a transfer of resources from the municipality.

For these reasons, the Authority considers that if the sale did not take place in accordance with market conditions, state resources within the meaning of Article 61(1) of the EEA Agreement would be involved.

1.2.2. Favouring certain undertakings or the production of certain goods

First, the measure must confer on SDO advantages that relieve the undertaking of charges that are normally borne from its budget. If the transaction was carried out under favourable terms, in the sense that SDO would most likely have had to pay a higher price for the property if the sale of land had been conducted according to the market investor principle, the company would have received an advantage within the meaning of the state aid rules.

Second, the measure must be selective in that it favours “*certain undertakings or the production of certain goods*”. There is only one possible beneficiary of the measure under assessment, *i.e.* SDO. The measure is thus selective.

1.2.3. Distortion of competition and effect on trade between Contracting Parties

The aid must threaten to distort competition and be liable to affect trade between the Contracting Parties of the EEA Agreement.

A support measure granted by the State would strengthen the position of SDO vis-à-vis other undertakings that are competitors active in the same business areas. Any grant of aid strengthens the position of the beneficiary vis-à-vis its competitors and accordingly distorts competition within the meaning of Article 61(1) of the EEA Agreement. It appears that SDO operates in the market for ski rental and related services, economic activities which are subject to competition from other undertakings.

To the extent that the company is active in areas subject to intra-EEA trade, the requirements of Article 61(1) of the EEA Agreement for a measure to constitute state aid appear to be fulfilled.⁽⁷⁾ It appears from the complaint that the ski resort in Oppdal competes for its customers particularly with ski resorts in Sweden. Also, the Swedish company, Skistar, is a large operator in the Norwegian market. Therefore, any state support granted in this case seems likely to affect trade between member states within the meaning of Article 61(1) of the EEA Agreement.

⁽⁶⁾ Commission decision of 30.1.2008 in case C 35/06, OJ 2008, L 126/3, paragraph 59.

⁽⁷⁾ Cf. Commission decision 2003/521/EC “Bolzano” paragraph 32, where it is stated that “...cableways used to support an activity capable of attracting non-local users will generally be regarded as having an effect on trade between Member States.” In this case the intended use of the land was to erect a service center in support of the ski-sport activities in Oppdal. OB’s webpages seem to indicate that its activities in Oppdal are capable of attracting customers from Sweden, cf. <http://www.oppdalbooking.no/Index.aspx?PageID=276> and its rating among international ski resorts <http://www.oppdalbooking.no/Index.aspx?PageID=248>

1.3. **Conclusion**

For the above mentioned reasons, the Authority has doubts as to whether or not the transaction concerning the sale by Oppdal Municipality of the plot of land gbnr 271/8 to SDO as laid down in the agreement between the parties signed 31 July 2008 entails the grant of state aid.

2. **Procedural requirements**

Pursuant to Article 1(3) of Part I of Protocol 3, “*the EFTA Surveillance Authority shall be informed, in sufficient time to enable it to submit its comments, of any plans to grant or alter aid. [...] The State concerned shall not put its proposed measures into effect until the procedure has resulted in a final decision*”.

The Norwegian authorities have not submitted a notification of the sale of land and the measure has been enacted. Therefore, the Authority concludes that if the measure constitutes state aid, the Norwegian authorities have not respected their obligations pursuant to Article 1(3) of Part I of Protocol 3.

3. **Compatibility of the aid**

Support measures caught by Article 61(1) of the EEA Agreement are generally incompatible with the functioning of the EEA Agreement, unless they qualify for a derogation in Article 61(2) or (3) of the EEA Agreement.

